

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. töluliður 46. gr. laganna orðist svo:

Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru út af sjóslýsum eða brotum á lögum þessum.

2. gr.

a. 5. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Öll sjópróf fara fram að hætti opinberra mála.

b. 7. mgr. sömu greinar orðist svo:

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun fyrir siglingadómi, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

c. 8. mgr. sömu greinar orðist svo:

Nú er refsímál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um aðstoð til fatlaðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.